

## Umsögn til atvinnuvega- og nýsköpunarnefndar gefin á fundi með nefndinni 11/6 2020

Mál númer 714 2020

Frumvarpið sem var til umsagnar: <https://www.althingi.is/alttext/150/s/1222.html>

**Almenn athugasemd:** Í þessum lagabreytingartillögum er enn mikið ákvörðunarvald flutt frá ráðuneytinu til Matvælastofnunar en við teljum hættu á að enn verði þrengt að rétti fólks við þá breytingu, sérstaklega þar sem stofnunin á í miklum mæli og stundum algerlega að ákvarða reglurnar, sjá um vinnuna, úrskurða um mál og framfylgja ákvörðunum sínum. Við bendum á þekkta hættu á geðþóttaákvörðunum við slíkar aðstæður og því að hagsmunir stofnunarinnar eða einstakra starfsmanna hennar verði yfirsterkari hagsmunum almennings eða tilgangi stofnunarinnar. *Við teljum því áriðandi að skýrt sé tekið fram að sérhverja ákvörðun Matvælastofnunar megi bera undir ráðherra sem fjalli um réttmæti þeirra, eða á annan hátt sleginn skýr og aðgengilegur varnagli almennings og einstaklinga gagnvart valdi stofnunarinnar.*

Almennt teljum við þessa hættu falda í hverri þeirri opinberri starfsemi þar sem farið er með stjórnsýslulegt vald og þar sem saman fer að sami aðili rannsakar, úrskurðar og framfylgir. Þegar kemur að dýravernd höfum við því miður séð of mörg dæmi um, bæði þar sem staðfest hefur verið og einnig að við teljum, að úrskreiðis hefur farið í þessum efnum hjá Matvælastofnun.

Um 3. gr.

Úr skýringum með frumvarpinu: „Með 8. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim er ráðherra heimilað að fengnum tillögum Matvælastofnunar að fyrirskipa hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að útrýma eða hindra útbreiðslu tilkynningarskyldra og skráningarskyldra sjúkdóma,“

*tillaga um viðbót: að gættu meðalhófi*

Við teljum ástæðu til að taka þetta fram þar eð við þekfum mörg dæmi um að ekki sé gætt hófs í framkvæmdum stofnunarinnar og því varhugavert að gefa stofnuninni svo opið orðaða heimild án nokkurs fyrirvara.

-----  
**Í 5. kafla skýringa** með frumvarpinu þar sem fjallað er um samráð kemur fram að Bændasamtök Íslands og aðildarfélög þeirra skiluðu 16 ábendingum til ráðuneytisins þar á meðal „varðandi legurými svína í svínabúum“.

Við finnum engin gögn um ábendingar Bændasamtakanna á vef Alþingis og vitum því ekki um hvað sú ábending snérist en viljum *árétta kröfu Dýraverndarsambands Íslands um að rými svína verði ekki minnkað né framlengdur frestur á notkun á rýmum sem ekki standast núverandi reglugerð um lágmarksvelferð svína.*

-----  
**Um 9. gr.** þar sem lagt er til að leggja niður orðin „ Slík gildruveiði er þó aðeins heimil að hún hafi verið tilkynnt Umhverfisstofnun“ úr 21. gr. laga 55/2013 um velferð dýra.

Úr skýringum með frumvarpinu: „Hins vegar að felld verði niður tilkynningarskylda til Umhverfisstofnunar vegna gildruveiði á minkum. Þykja þessi ákvæði ekki þjóna tilgangi í framkvæmdinni og breytingarnar til þess fallnar að auka skilvirkni í stjórnsýslunni.“

*Við teljum algerlega ótækt að taka þetta eftirlit úr sambandi og leggjum til að þessi breyting verði tekin út. Dýraverndarsamband Íslands minnir fyrir hið fyrsta á að ákvæði um sérstakt leyfi til að*

***drekkja minkum í landi þar sem drekking allra annarra dýra telst refsiverð getur á engan hátt staðist í siðuðu samfélagi og hvetur Alþingi til að leita sem fyrst annarra leiða til að halda fjölgun minka í skefjum. Jafnframt leggjum við til algert bann á bogagildrum.***

*Við minnum á að þetta ákvæði um drekkingar var afar umdeilt þegar lög um velferð dýra voru sett og þessi varnagli um eftirlit settur við það vegna þess að ekki þótti verjandi að gefa leyfi til drekkjunga án eftirlits. Við teljum ekki verjandi að gefa þessum annars óverjandi drekkinum þannig enn meira svigrúm og án eftirlits og teljum áriðandi að þær séu áfram tilkynningaskyldar og skýrsluhaldsskyldar þar til þær eru aflagðar eða þeim breytt.*

-----  
**Um 11. gr. um eyrnamörkun lamba**

Úr skýringum með frumvarpinu: „Lagt er til að látið verði af skyldu til eyrnamörkunar. Sú venja er gömul hér á landi (...) sönnun á eign á búfé sé örmerki rétthæst, þar næst frostmerki, síðan brennimark, þá plötumerki og síðast eyrnamark.”

Með greininni er lagt til að sett verði í vald einstakra bænda að ákveða um mörkun lamba sinna.

Dýraverndarsamband Íslands telur rétt að afleggja alveg leyfi til að eyrnamarka lömb vegna dýraverndarsjónarmiða og minnir á að það var skilningur þeirra sem komu að gerð laga 55/2013 um velferð dýra á sínum tíma að það væri eðlilegt næsta skref. Við teljum einungis hefða- og tilfinningarök hníga að notkun eyrnamarka í dag þegar nægar góðar merkingar finnast til að leysa eyrnamörk af hólmi. Hægt er að setja sólarlagsákvæði um slíka afleggingu, og jafnframt að afleggja strax verstu gerðir marka, svo sem þegar hálf eyra er sniðið af lambi eða margsinnis sneytt af sama eyra með hníf eða töng. Við teljum ekki verjandi að leyfa að skera líkamshluta af vakandi dýrum til að merkja þau. Til vara bendum við á að svæfing er notuð þegar um ífarandi aðgerðir er að ræða á dýrum, hægt væri að gera kröfu um að lömbin séu svæfð fyrir slíka eyrnamörkun ef mikil tilfinningarök hníga að því að viðhalda hefðinni. Við bendum á að hægt er að merkja lömb á fleiri en einn hátt, auk plötumarka.

-----  
**Um 4. kafla 6. grein:**

Í frumvarpinu er að finna eftirfarandi tillögu um viðbót við 9. grein laga um matvæli nr. 93/1995: „Frumframleiðsla matvælafyrirtækja sem starfrækja fiskeldisstöðvar og eru með gilt rekstrarleyfi samkvæmt lögum um fiskeldi þarfnast ekki starfsleyfis eða tilkynningar til Matvælastofnunar áður en frumframleiðsla hefst.” Og í skýringum kemur fram að þar er átt við uppeldi seiða þar til að slátrun er komin. *Við teljum að allur hagsmunadrifinn búskapur með lifandi dýr eigi ávalt og undantekningalaust að vera undir eftirliti stjórnvalda frá upphafi vegna velferðar dýranna og teljum því rétt að taka þessa breytingatillögu út.*

Að lokum: Við lýsum verulegum áhyggjum af framvindu og fyrirkomulagi við fiskeldi á Íslandi og teljum þróun fiskeldis hér á landi ekki standast viðmið um dýravelferð. Þessar áhyggjur snerta bæði velferð eldisfiskanna og vernd íslensk lífríkis. Við teljum að hagnaðarsjónarmið ráði of miklu og velferð sé fyrir borð borin þegar kemur að fiskeldi og teljum þessa þróun óverjandi og ógnverkjandi.

samþykkt af stjórn í júní 2020

F.h. stjórnar Dýraverndarsambands Íslands,  
Hallgerður Hauksdóttir